

Bæjarstjórn - 1957

FUNDARBOÐ

**1957. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 18.
júní 2025 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2205668 - Kosning forseta bæjarstjórnar, varaforseta og skrifara 2022 - 2026

Kosning

2. 2205659 - Ráð og nefndir 2022 - 2026, kosningar

Kosið í ráð og nefndir til eins árs:

Kosið til 1 árs:

Bæjarráð 5 aðalmenn, 5 varamenn

Fjölskylduráð 5 aðalmenn, 5 varamenn

Fræðsluráð 5 aðalmenn, 5 varamenn

Umhverfis- og framkvæmdaráð 5 aðalmenn, 5 varamenn

Skipulags- og byggingarráð 5 aðalmenn, 5 varamenn

Íþrótt- og tómstundanevnd 3 aðalmenn, 3 varamenn

Menningar- og ferðamálanefnd 3 aðalmenn, 3 varamenn

Stjórn Hafnarborgar 2 aðalmenn auk bæjarstjóra

Forsetanefnd

3. 2401837 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hafnarfjarðarkaupstað

6. liður úr fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 10.júní sl.

Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hafnarfjarðarkaupstað lögð fram að nýju til samþykktar að lokinni yfirferð Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins.

Umhverfis- og framkvæmdaráð samþykkir að nýju framlagða Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Hafnarfirði og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

4. 2206176 - Erindisbréf ráða og nefnda 2022-2024, endurskoðun

1. liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 11. júní sl.

Lagt fram til afgreiðslu.

Fræðsluráð samþykkir að vísa erindisbréfi fræðsluráðs til samþykkis í bæjarstjórn. Breytingarnar fela meðal annars í sér fjölgun fulltrúa í fræðsluráði, áheyrnafulltrúa frá ungmenningaráði og tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

5. 2505328 - Flutningur Mótorhússins til Kvartmíluklúbbsins

8.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 11. júní sl.

Lagt fram til afgreiðslu.

Sjálfstæðisflokkurinn, Framsókn og Viðreisn samþykkja tillögu um flutning Mótorhússins frá Dalshrauni að aðstöðu Kvartmíluklúbbsins. Sérþekking Kvartmíluklúbbsins á mótorsporti mun nýtast vel ungu fólki sem hefur áhuga á greininni. Á svæðinu er til staðar lögleg og viðurkennd aðstaða þar sem ungt fólk getur bæði ekið tækjum og fengist við viðgerðir og viðhald. Þar fer einnig fram fjölbreytt starfsemi sem styður við jákvæða þróun ungs fólks. Það er mikið fagnaðarefni að ungu fólki sé boðin örugg og viðunandi aðstaða til að stunda áhugamál sitt undir leiðsögn fagfólks. Sjálfstæðisflokkurinn, Framsókn og Viðreisn samþykkja jafnframt drög að breyttum rekstrarsamningi við Kvartmíluklúbbinn vegna þessa flutnings og vísar málinu til endanlegrar afgreiðslu í bæjarstjórn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Samkvæmt svörum sem fulltrúum Samfylkingarinnar hafa borist þá verður ekki þjónusturof á starfsemi og starfsfólki verður boðið að flytja sig með. Þá liggur ljóst fyrir að Mótorhúsið þurfi á nýju húsnæði að halda þar sem núverandi húsnæði fullnægir ekki núverandi þörfum notanda.

Út frá þessum forsendum samþykkja fulltrúar Samfylkingarinnar tillögu um flutning Mótorhússins í húsnæði Kvartmíluklúbbsins.

Fulltrúar Samfylkingarinnar vilja samt sem áður taka eftirfarandi fram. Fulltrúar Samfylkingarinnar fengu þau svör að ekki hefði verið leitað eftir samráði við notendur Mótorhússins né Ungmennaráð. Það samráðsleysi gagnrýna fulltrúar Samfylkingarinnar.

6. 2506007 - Flutningur hnefaleikafélagsins

10. liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 11. júní sl.

Samningur Hafnarfjarðarbæjar og Hnefaleikafélags Hafnarfjarðar um uppbyggingu aðstöðu fyrir hnefaleikaaðstöðu til framtíðar að Suðurellu 5 lagður fram.

Fræðsluráð tekur undir bókun ITH um flutning hnefaleikafélagsins á Suðurellu og samþykkir breytingu á rekstrarsamning vegna þessa og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

7. 2503279 - Þjónustusamningur um rekstur Barnaskóla Hjallastefnunnar 2022

2. liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 13. júní sl.

Til afgreiðslu.

Fræðsluráð samþykkir fyrir sitt leyti drög að uppfærslu að þjónustusamning við Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði og vísar til frekari samþykkis í bæjarstjórn.

8. 2502467 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar, breyting borhola Krýsuvík

2. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 12. júní sl.

Lögð fram vinnslutillaga vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 samhliða nýju deiliskipulag Krýsuvíkur vegna rannsóknarborholu KRY-2. Skipulagshöfundur mætir til fundarins og kynnir.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að auglýsa framlagða vinnslutillögu vegna breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 samhliða breytingu á deiliskipulagi.

9. 2103116 - Hraun vestur, aðalskipulag breyting

3. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 12. júní sl.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 26.03.2025 að auglýsa tillögu á vinnslustigi vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Í tillögunni er gert ráð fyrir að breyta landnotkun í aðalskipulagi á skipulagssvæðinu Hraun Vestur úr athafnasvæði, verslun- og þjónusta, samfélagsþjónustu og íbúðabyggð í miðsvæði. Kynningartímabil tillögu á vinnslustigi var 3-30. apríl 2025. Samantekt umsagna og athugasemda var lögð fram á fundi ráðsins þann 15.5.2025.

Lögð er fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, M4, Hraun vestur.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að samþykkja í auglýsingu framlagða tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, M4, Hraun vestur.

10. 2503308 - Kapelluhraun 2. áfangi, breyting á deiliskipulagi

4. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 12. júní sl.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 09.04.2025 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi 2. áfanga Kapelluhrauns samhliða breytingu á 1. áfanga Kapelluhrauns í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillagan gerir ráð fyrir 62 atvinnulóðum með stórum byggingarreitum. Stærð lóða er á bilinu 2.000 m² til 47.000 m². Um er að ræða stækkun deiliskipulagssvæðis yfir svæði sem var ætlað fyrir fyrirhugaða legu Reykjanesbrautar milli áfanga 1 og 2 í Kapelluhrauni. Innan deiliskipulagssvæðisins verða nýjar iðnaðarlóðir og í suðurhluta þess verður til nýtt gatnakerfi. Breyting verður m.a. varðandi flokkun atvinnustarfsemi og á bílastæðaskilmálum. Nauðsynlegt er að breyta skipulagsafmörkun Kapelluhrauns 1. áfanga samhliða. Tillagan var í auglýsingu 17.4.-30.5.2025. Samantekt athugasemda og svör lögð fram ásamt uppfærðri tillögu og greinargerð.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir samantekt athugasemda og svör skipulagsdeildar og samþykkir breytt deiliskipulag Kapelluhrauns 2. áfanga. Erindinu er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

11. 2503309 - Kapelluhraun 1. áfangi, breyting á deiliskipulagi

5. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 12. júní sl.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti þann 09.04.2025 að auglýsa tillögu að

breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Kapelluhrauns samhliða breytingu á 2. áfanga Kapelluhrauns. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir breytt deiliskipulag Kapelluhrauns 1. áfanga. Erindinu er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

12. 2506237 - Ásland 4, deiliskipulagsbreyting

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 12. júní sl.
Lögð fram tillaga um að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi Áslands 4.

Skipulags- og byggingarráð leggur til við bæjarstjórn að heimilt verði að hefja vinnu við breytingu á deiliskipulagi Áslands 4.

Fulltrúi Viðreisnar bókar: Þetta er í 15 sinn sem Ásland 4 er til umræðu í ráðinu eftir að deiliskipulag þar var samþykkt árið 2022. Það þarf alvarlega að fara að huga að betri vinnubrögðum við gerð heildstæðra deiliskipulagsáætlana í stað þess að vera með eilífan bútasaum og breytingar.

13. 2503746 - Hamarshöfn, deiliskipulag

8.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 12.júní sl.
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 9. apríl sl. að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Hamarshöfn, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Tillagan gerir ráð fyrir viðlegurými fyrir 60-70 báta í Hafnarfjarðarhöfn og rými fyrir stærri þjónustu- og farþegabáta við ytri flotbryggju auk byggingarreits fyrir veitingasölu og miðasölu fyrir hvalaskoðunarbáta. Tillagan var í auglýsingu 25.4-9.6.2025. Ábendingar bárust. Lögð fram svör við ábendingum.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svör skipulagsdeildar og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja deiliskipulag Hamarshafnar.

Sigurjón Ingvason fulltrúi Viðreisnar vék af fundi við framlagningu málsins.

14. 2505374 - Vörðuás 16, umsókn um lóð

4.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.júní sl.
Lögð fram umsókn Finns Guðmundssonar um lóðina nr. 16 við Vörðuás til vara er sótt um lóðina nr. 16 við Hryggjarás.

Bæjarráð samþykkir umsóknina og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

15. 2505094 - Fluguskeið 10, umsókn um lóð

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.júní sl.
Lögð fram umsókn Ólafs Inga Ómarssonar um hesthúsalóðina nr. 10 við Fluguskeið

Bæjarráð samþykkir umsóknina og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

16. 2504790 - Fluguskeið 10a, umsókn um lóð

6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.júní sl.

Lögð fram umsókn Ólafs Þ. Kristjánssonar um hesthúsalóðina nr. 10a við Fluguskeið.

Bæjarráð samþykkir umsóknina og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

17. 1604079 - Húsnæðisáætlun

2.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 4.júní sl. Tekið fyrir á ný.

2. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30. maí sl.

Lagt fram til samþykktar. Guðmundur Sverrisson hagdeild og Sigurður Haraldsson sviðsstjóri mæta til fundarins.

Bæjarráð samþykkir að vísa húsnæðisáætlun til afgreiðslu í bæjarstjórn og jafnframt að áætlunin verði rýnd fyrir fund bæjarstjórnar í samræmi við umræður á fundinum.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi fyrirspurn:

1. Hversu margar íbúðir voru byggðar í Hafnarfirði á vegum óhagnaðardrífna leigu- eða búseturéttarfélaga sl. 5 ár? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2020, 2021, 2022, 2023 og 2024.

2. Hefur Hafnarfjarðarbær veitt stofnframlög vegna íbúða hjá óhagnaðardrífnum félögum á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir á sama árabili og tilgreint er í 1. spurningu?

a) Ef svar við spurningu 2 er já, vegna hversu margra íbúða eru þau stofnframlög og hver er samanlögð fjárhæð nú þegar veittra stofnframlaga?

3. Hversu margar íbúðir eru á framkvæmdastigi innan Hafnarfjarðarbæjar í dag?

a) Hvert er hlutfall íbúða á framkvæmdastigi í bænum í dag á vegum óhagnaðardrífna leigufélaga, þ.e. almennar leiguíbúðir fyrir tekju - og eignalága?

b) Hvert er hlutfall íbúða á framkvæmdastigi í bænum í dag sem ætlaðar eru í félagslega íbúðakerfið á vegum Hafnarfjarðar?

4. Hversu margar stúdentaíbúðir voru byggðar í Hafnarfirði sl. fimm ár? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2020, 2021, 2022, 2023 og 2024.

5. Hversu margar íbúðir fyrir eldri borgara voru byggðar í Hafnarfirði sl. fimm ár? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2019, 2020, 2021, 2022 og 2023. Óskað er eftir að svör berist fyrir bæjarstjórnarfund 4. júní nk.

Valdimar Víðisson tekur til máls og leggur til að málið verði til umræðu en ekki fullnaðarafgreiðslu. Árni Rúnar Þorvaldsson kemur til andsvars sem Valdimar svarar. Árni Rúnar kemur til andsvars öðru sinni sem Valdimar svarar. Þá kemur Stefán Már Gunnlaugsson til andsvars sem Valdimar svarar. Stefán Már kemur til andsvars öðru sinni sem Valdimar svarar.

Þá tekur Stefán Már til máls og leggur til efirfarandi málsmeðferðartillögu:

"Bæjarstjórn samþykkir að vísa fyrirbyggjandi tillögu að húsnæðisáætlun fyrir árið 2025 til umsagnar og umfjöllunar hjá skipulags- og byggingaráði, umhverfis- og framkvæmdaráði og fjölskylduráði sem og hjá viðkomandi sviðum. Enn fremur verði tillagan send til umsagnar hjá Meistarafélagi iðnaðarmanna í Hafnarfirði. Umsagnir berist bæjarstjórn eigi síðar en 16. júní næstkomandi.

Greinargerð:

Húsnæðisáætlun bæjarins er grunngagn og stýritæki þegar kemur að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Hafnarfirði til næstu ára. Gæta þarf að því að allir aðilar sem koma beint eða óbeint að þessari uppbyggingu spili saman og rói í sömu átt. Ljóst er að tilurð áætlunarinnar á vinnslustigi hefur ekki fengið umfjöllun hjá kjörnum fulltrúum á ólíkum sviðum stjórnsýslu, né heldur frá hagaðilum, svo sem Meistarafélagi iðnaðarmanna í bænum, sem hefur hagsmuna að gæta hvað varðar uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í bænum og mikla þekkingu á málaflokknum.

máls.

Árni Rúnar tekur til máls undir fundarstjórn forseta.

Árni Rúnar tekur til máls.

Forseti ber næst upp til atkvæða framkomna málsmeðferðartillögu ásamt því að málið verði tekið fyrir á næsta fundi bæjarstjórnar til afgreiðslu. Er það samþykkt samhljóða.

9.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 10.júní sl.

Á fundi Bæjastjórnar þann 4. júní sl. var bókað:

2. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30. maí sl. Lagt fram til samþykktar. Guðmundur Sverrisson hagdeild og Sigurður Haraldsson sviðsstjóri mæta til fundarins. Bæjarráð samþykkir að vísa húsnæðisáætlun til afgreiðslu í bæjarstjórn og jafnframt að áætlunin verði rýnd fyrir fund bæjarstjórnar í samræmi við umræður á fundinum. Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi fyrirspurn:

1. Hversu margar íbúðir voru byggðar í Hafnarfirði á vegum óhagnaðardrifinna leigu- eða búseturéttarfélaga sl. 5 ár? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2020, 2021, 2022, 2023 og 2024.

2. Hefur Hafnarfjarðarbær veitt stofnframlög vegna íbúða hjá óhagnaðardrifnum félögum á grundvelli laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir á sama árabili og tilgreint er í 1. spurningu? a) Ef svar við spurningu 2 er já, vegna hversu margra íbúða eru þau stofnframlög og hver er samanlögð fjárhæð nú þegar veittra stofnframlaga?

3. Hversu margar íbúðir eru á framkvæmdastigi innan Hafnarfjarðarbæjar í dag? a) Hvert er hlutfall íbúða á framkvæmdastigi í bænum í dag á vegum óhagnaðardrifinna leigufélaga, þ.e. almennar leiguíbúðir fyrir tekju - og eignalága? b) Hvert er hlutfall íbúða á framkvæmdastigi í bænum í dag sem ætlaðar eru í félagslega íbúðakerfið á vegum Hafnarfjarðar?

4. Hversu margar stúdentaíbúðir voru byggðar í Hafnarfirði sl. fimm ár? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2020, 2021, 2022, 2023 og 2024.

5. Hversu margar íbúðir fyrir eldri borgara voru byggðar í Hafnarfirði sl. fimm ár? Óskað er sundurliðunar eftir árum, þ.e. 2019, 2020, 2021, 2022 og 2023. Óskað er eftir að svör berist fyrir bæjarstjórnarfund 4. júní nk.

Valdimar Víðisson tekur til máls og leggur til að málið verði til umræðu en ekki fullnaðarafgreiðslu. Árni Rúnar Þorvaldsson kemur til andsvars sem Valdimar svarar. Árni Rúnar kemur til andsvars öðru sinni sem Valdimar svarar. Þá kemur Stefán Már Gunnlaugsson til andsvars sem Valdimar svarar. Stefán Már kemur til andsvars öðru sinni sem Valdimar svarar.

Þá tekur Stefán Már til máls og leggur til efirfarandi málsmeðferðartillögu:

"Bæjarstjórn samþykkir að vísa fyrirbyggjandi tillögu að húsnæðisáætlun fyrir árið 2025 til umsagnar og umfjöllunar hjá skipulags- og byggingaráði, umhverfis- og framkvæmdaráði og fjölskylduráði sem og hjá viðkomandi sviðum. Enn fremur verði tillagan send til umsagnar hjá Meistarafélagi iðnaðarmanna í Hafnarfirði. Umsagnir berist bæjarstjórn eigi síðar en 16. júní næstkomandi.

Greinargerð:

Húsnæðisáætlun bæjarins er grunngagn og stýritæki þegar kemur að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Hafnarfirði til næstu ára. Gæta þarf að því að allir aðilar sem koma beint eða óbeint að þessari uppbyggingu spili saman og rói í sömu átt. Ljóst er að tilurð áætlunarinnar á vinnslustigi hefur ekki fengið umfjöllun hjá kjörnum fulltrúum á ólíkum sviðum stjórnsýslu, né heldur frá hagaðilum, svo sem Meistarafélagi iðnaðarmanna í bænum, sem hefur hagsmuna að gæta hvað varðar uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í bænum og mikla þekkingu á málaflokknum.

Árni Rúnar tekur til máls undir fundarstjórn forseta.

Árni Rúnar tekur til máls.

Forseti ber næst upp til atkvæða framkomna málsmeðferðartillögu ásamt því að málið verði tekið fyrir á næsta fundi bæjarstjórnar til afgreiðslu. Er það samþykkt samhljóða.

Lagt fram til umræðu.

Fjölskylduráð telur mikilvægt að hugað sé að húsnæðisþörfum eldra fólks í húsnæðisáætlun enda mjög vaxandi hópur íbúa í sveitarfélaginu og sérstakur starfshópur að störfum um málið.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar ítreka fyrirspurn okkar sem lögð var fram á fundi bæjarráðs þann 30. maí sl. um húsnæðisáætlun 2025 og mikilvægi þess að svör við henni liggi fyrir sem fyrst fyrir næsta fund bæjarstjórnar þann 18. júní nk.

9.liður úr fundargerð umhverfis- og framkvæmdanráðs frá 11.júní sl. Húsnæðisáætlun er vísað frá bæjarstjórn til umsagnar.

Umhverfis- og framkvæmdaráð gerir ekki athugasemdir við framlögð drög að Húsnæðisáætlun 2025.

11.liður úr fundargerð skipulags- og byggingarráðs frá 12.júní sl.

Lögð fram til umsagnar Húsnæðisáætlun 2025.

Lagt fram. Meirihluti skipulags- og byggingarráðs gerir ekki athugasemdir við framlagða Húsnæðisáætlun. Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar vekja athygli á að samkvæmt húsnæðisáætluninni

hefur íbúðum í byggingu fækkað um 19% eða um 300 íbúðir frá síðasta ári. Nokkur uppbygging fjölbýlishúsa hefur átt sér stað í Hamranesinu síðustu ár og brátt verður það því fullu lokið eins og tölurnar sýna. Engar fjölbýlishúsaloðir eru til í lóðasafni bæjarins, þó er gert ráð fyrir fjölbýli á þéttingarreitum en þar er uppbygging afar hæð. Aðeins á eftir að úthluta einbýlis-, par- og raðhúsum, en meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks státar af því afreki að hafa fækkað íbúðum í skipulagi um 100 með því að taka út allar fjölbýlishúsaloðir í Áslandi 4. Samkvæmt húsnæðisáætluninni er mest eftirspurn eftir íbúðum í fjölbýli. Fyrir vikið getur bærinn ekki staðið við rammisamning ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu íbúða á viðráðanlegu verði, sem kemur harðast niður á ungu fólki og fyrstu kaupendum.

Jafnframt ítreka fulltrúar Samfylkingarinnar fyrirspurn sína sem lögð var fram á fundi bæjarráðs þann 30. maí sl. um húsnæðisáætlun 2025 og mikilvægi þess að svör við henni liggi fyrir sem fyrst fyrir næsta fund bæjarstjórnar þann 18. júní nk.

Fulltrúi Viðreisnar gerir ekki athugasemd við áætlunina sem slíka en bendir á að til þess að tryggja framgang raunhæfrar húsnæðisstefnu þarf m.a. að leggja áherslu á aukið framboð félagslegs húsnæðis og ódýrari búsetuúrræða. Taka þarf greiningarvinnu, gæðastjórnun og áhættustýringu föstum tókum í skipulagsmálum, ekki síst í sambandi við innviðauppbbyggingu í tengslum við mikla uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Tryggja þarf að fjárfestingar í innviðum komi til framkvæmda á réttum tíma. Þá þarf að styrkja starfsemi umhverfis- og skipulagssvið til að tryggja að hægt verði að anna skipulagsvinnu og byggingareftirliti með skilvirkum og vönduðum hætti.

18. 2506334 - Hjúkrunarheimili í Hafnarfirði

Fulltrúar Samfylkingar óska eftir málinu á dagskrá bæjarstjórnar

Fundargerðir

19. 2501140 - Fundargerðir 2025, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerðir fræðsluráðs frá 11. og 13. júní sl.

a. Fundargerð íþróttar- og tómstundanevndar frá 3. júní sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 12. júní sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 16. júní sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 28. maí sl.

b. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 27. maí sl.

c. Fundargerð stjórnar Slökkvilðs höfuðborgarsvæðisins frá 25. apríl sl.

d. Fundargerð stjórnar SSH frá 2. júní sl.

e. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 14. maí sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 10. júní sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 11. júní sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 16. júní sl.

20. 2208236 - Bæjarstjórn, starfsumhverfi 2022-2026

1. liður úr fundargerð forsetanefndar frá 16. júní sl.

Forsetanefnd leggur til að sumarleyfi bæjarstjórnar 2025 standi frá

mánudeginum 23. júní til og með sunnudeginum 3. ágúst og bæjarráð annist fullnaðarafgreiðslu allra mála meðan á sumarleyfinu stendur. Fyrsti fundur bæjarstjórnar að loknu sumarleyfi fari fram miðvikudaginn 13. ágúst, vikan sem hefst 4. ágúst verði fyrsta reglubundin ráðsvika að loknu sumarleyfi, en ráð og nefndir geti að öðru leyti hagað fundum eftir þörfum

16.06.2025

Valdimar Víðisson bæjarstjóri